

36.tbl.
20. okt. 2021
28 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Árlegur jólamarkaður í samstarfi Skógræktarinnar á Vöglum og handverksfólks í Þingeyjarsveit verður haldinn laugardaginn 11. desember n.k. í Vaglaskógi.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar í síma/netfang 896-3112/runar@skogur.is fyrir 8. nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.

Skógræktin Vöglum

Hlaupastelpan

Er gefin út á miðvikudögum vikulega.

Auglýsingum þarf að skila
fyrir kl. 15:00 á mánudögum.



Verð frá 1. júlí 2021

Hálfsíðuauglýsingu kr. 3.850- m.vsk.

Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386
Dagný Pétursdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>



Opið Hús -Félagstarf eldri borgara

Opið Hús verður alla þriðjudaga kl. 13:00 en vegna sóttvarna verður starfsemin bundin við einn stað þar til hægt verður að fara inn í skólana að nýju.

**Opið hús verður því aðeins haldið
í Félagsheimilinu Breiðamýri þar til annað verður auglýst.**
Njótum samverunnar og verið velkomin!



Messa Þóroddsstað

Almenn Guðsþjónusta verður á Þóroddsstað næstkomandi
sunnudag 24. október klukkan 11:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Guðsþjónusta í Hálskirkju

verður sunnudagur 24.okt kl.14.00

Prestur: Sr.Gunnar Einar Steingrímsson
Organisti: Dagný Pétursdóttir

Allir velkomnir í Guðshús



Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2021.

Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagsamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningargestfna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar.

Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- - Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- - Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- - Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð). Umsóknir skal senda á netfangið tillaga@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2021.

Tónleikar

Einsöngstónleikar verða haldnir í Einarstaðakirkju í Reykjadal, sunnudaginn 24 október, kl 14:00.

Einsöngvari er Björn Friðrik Einisson tenór og undirleikari er Valmar Völjaots.


Á efnisskrá eru m.a. lög eftir Friðrik Jónsson og Sigfús Halldórsson.

Aðgangseyrir 2.500,kr-
(ath engin posi).

Persónulega safnið, sem er á staðnum verður opið eftir tónleikana.

Verið velkomin.





F.E.B.Þ.

Haustfundur

Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Kæru félagar.

Haustfundurinn verður haldinn
að Breiðumýri 26. okt. kl. 13:45,
í tengslum við opið hús eldri borgara.

Mætum hress.

Stjórnin.



Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2021. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 8. nóvember nk.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2021. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit. Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið hlynur@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi 8. nóvember nk.

Reglur um úthlutun má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar og við minnum fyrri styrkþega á að skila inn greinargerð um framgang verkefna og ráðstöfun styrkja.

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar



NÁMSKEIÐ HALDIÐ DAGANA 27.-29. OKTÓBER

Nýttu frábært tækifæri!

Þekkingarnet Þingeyinga ásamt Nýsköpun í norðri og NORA standa fyrir markaðsnámskeiði fyrir rekstraraðila veitingahúsa og framleiðendur matvæla í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi.

Markmið námskeiðsins er að auka verðmætasköpun, samkeppnishæfni og staðbundið gildi matvælaframleiðslu svæðisins með því að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við að koma sér á framfæri og styrkja tengsl á milli frumframleiðenda og endastöðva. Athugið þetta þýðir þó ekki að þið þurfið að reka stóran veitingastað eða vera í mikilli framleiðslu til þess að skrá ykkur! Áhugi fyrir því að framleiða matvöru eða að bjóða upp á hráefni úr héraði nægir!

Kennarar eru Gunnar Thorberg Sigurðsson og Edda Gísladóttir hjá Kapli markaðsráðgjöf, en þau eru miklir reynsluboltar þegar kemur að markaðssetningu, hafa starfað sem ráðgjafar og hafa haldið fjölda námskeiða um allt land. Í þessu námskeiði munu Edda og Gunnar renna yfir aðalatriði faglegs markaðsstarfs með sérstakri áherslu á vef- og samfélagsmiðla.

Að auki býðst þátttakendum að fá klukkustundar einkaráðgjöf þar sem hægt er að fara yfir heimasíðu, samfélagsmiðla, kynningarefni og markaðsaðgerðir. Samsagt sniðið að þörfum þátttakenda!

Dagskrá:

Miðvikudagurinn 27. október kl: 09:00-16:00, fyrirlestrar og kennsla.

Fimmtudagur 28. október kl: 09:00-13:00, fyrirlestrar og umræður.

Einkaráðgjöf: Fimmtudagur 28. og 29. október

Verð: 9.900kr

Skráning á hac.is eða hac@hac.is



Minnum væntanlega þátttakendur á að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum og fræðslusjóðum!